

**Nd.**

**313. Frumvarp til laga**

**[82. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja landspildu og tvær jarðir í opinberru eigu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðar, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi hreppsnefnda og sýslunefnda og skuldbindingu kaupenda um, að þeir geri jarðirnar að ættaróðali.

1. Þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurbreppum í Snæfellsnessýslu ábúanda jarðarinnar, Jóni Lárussyni.
2. Kirkjujörðina Skoruvík í Sauðaneshreppum í Norður-Þingeyjarsýslu ábúandannum, Birni Kristjánssyni.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að selja Þórarni Guðjónssyni, Ásgarði í Hvolhreppi, 10 hektara spildu úr Tjaldhólalandi í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, sem skógrækt ríkisins keypti árið 1943, að fengnu samþykki skógræktar ríkisins og að því tilskildu, að land þetta verði lagt undir nýbýlið Ásgarð.

Söluverð jarða þessara og landspildu, sem hér um ræðir, skal ákveðið með mati dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.